



STARFSMAFFELAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

5. tbl. 44. árg. des. 2009



Gleðileg jól

Leiðari



Hvernig notum við kreppuna?

Við skulum **ekki** nota kreppuna til þess að brjóta niður almannajónustuna og velferðina.

Við skulum **ekki** nota hana til þess að snúast hvert gegn öðru.

Við skulum **ekki** nota hana til þess að kollvarpa heimilunum.

Við skulum **ekki** nota hana til þess að auka atvinnuleysið.

Það er staðreynd, að á sama hátt og of langur vinnutími minnkar afköst, þá er það líka staðreynd að með undirmönnun og of miklu álagi á starfsmenn, þar sem starfsmenn eru yfirbugaðir af þreytu, minnka afköstin einnig, þegar fram í sækir.

Við **skulum nota kreppuna** til þess að staldra við og byggja upp réttlátara samfélag.

Til þess þurfum við öflugt velferðarkerfi, öflugt atvinnulíf og bjargálna heimili.

Til þess þurfum við að afnema verðtrygginguna til lengri tíma.

En til styttri tíma þarf að aftengja hækkun á óbeinum sköttum og gjöldum frá neysluvísutölunni, svo hún verði ekki til þess að hækka höfuðstól lána á sama tíma og kaupmáttur minnkar og laun eru jafnvel að lækka hjá fólki. Það gefur stjórnvöldum tækifæri til þess að jafna skattahækkun á milli t.d. tekju- og virðisaukaskatts án þess að setja þegna þessa lands á hliðina ef ekki á hvolf.

Það þarf sambærilega björgunaraðgerð

og innistæðueigendur hjá bönkunum fengu.

Þá erum við komin með botn sem hægt er að spyrna sér frá, þá getur endurreisn hafist.

Þetta gerir maður við kreppu.

Hvernig njótum við jólanna?

Þau notum við til íhugunar og til hvíldar, til þess að draga hugann frá erfiðleikum og frá kreppu, þannig að á nýju ári þá verðum við sterkari til þess að takast á við verkefni ársins 2010, því þau verðar ærin.

Með von um bjarta framtíð á komandi ári, vil ég senda félagsmönnum og fjölskyldum þeirra bestu jóla- og nýárskveðjur og þakka þeim samstarfið.

*Með félagskveðju,
Garðar Hilmarsson formaður St. Rv.*

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakóbína Þórðardóttir

Ritnefnd: Dagný Guðmundsdóttir, Jón Ingi Hilmarsson, Jónína Óskarsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir og Stefán Pálsson.

Umbrot: Blátt strik ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Blátt strik ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir S. Sveinsson

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakóbína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

Oddný Valgeirsdóttir þjónustufulltrúi

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Guðrún Árnadóttir - varaform.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari

Jónas Engilbertsson - gjaldkeri

Ása Hauksdóttir

Hallgerður Inga Gestsdóttir

Ingjaldur Eiddsson

Ingveldur Jónsdóttir

Jón Bergvinsson

Jón Ingi Hilmarsson

Þórdís Björk Sigurgestsdóttir

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

stak@aknet.is

gardar@strv.bsrb.is

gudrun.arnad@reykjavik.is

gudridur.sigurbjornsdottir@reykjavik.is

j.englberts@gmail.com

asa@hitthusid.is

hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is

ingjaldur.eidsson@or.is

ingo@grundaskoli.is

jon.bergvinsson@reykjavik.is

jhilmars@landspitali.is

thordis@faxafloahafnir.is

Mataruppskriftir

Eiríkur Brynjólfur Finnsson, matreiðslumeistari í Breiðholtsskóla



Smá hugleiðingar um hamborgarahrygg

Datt í hug að vera með smá pistil um hamborgarahrygg þar sem hann virðist vera orðinn nokkuð útbreiddur á borðum landsmanna á aðfangadag.

Til eru margar aðferðir við að elda



hamborgarahrygg, ein er t.d. að pakka honum inn í álpappír og steikja hann í ofni við 150°C í 70-90 mín. eftir stærð. Þessi aðferð er sjálfsagt allt í lagi en hætta er á því að hann verði of saltur. Nú hef ég ekki kynnt mér hamborgarahryggi frá öllum framleiðendum en veit þó að hamborgarahryggurinn frá Kjarnafæði er ekki þækilsprautaður heldur er hann saltaður upp á gamla máttann. Lýðheilsustöð hefur verið að hamra á framleiðendum að draga úr saltnotkun og hafa þeir minnkað saltmagn í sinni framleiðslu og er t.d. hamborgarahryggurinn frá

þeim einungis með 9% saltinnihaldi. En með þessu hefur framleiðandinn dregið úr geymsluþoli vörunnar sem kallar þá á meiri dreifingu en kemur okkur neytendum til góða. Þannig að ég mæli með þeim hamborgarahryggjum sem innihalda sem minnst saltmagn. Skoðið því vandlega innihaldslýsingar áður en þið verslið.

Þar sem saltminni hamborgarahryggur býðst á markaðnum þarf ekki lengur að sjóða hann en samt mæli ég með að hann sé skolaður upp úr köldu vatni, síðan settur í pott, látið kalt vatn fljóta yfir, láta suðuna koma upp, sjóða síðan við vægan hita í ca. 10 mínútur, setjið síðan í ofnskúffu með beinið niður og steikið í ofni við 150°C í ca. 70-90 mínútur eftir stærð. Takið síðan hrygginn úr ofninum, skerið beinið frá og síðan er hryggurinn gljádur.

Margir nota þá hefðbundnu aðferð að hræra saman púðursykur og sætt sinnep, en þeir sem vilja breyta til er hér góð uppskrift:


Setjið ca. 3 bolla af sykri á pönnu eða í pott, þegar sykurinn er að byrja að brúnast setjið þá smjörlíkisklípu samanvið. Þegar sykurinn er orðinn fallega brúnn bætið við 1 msk. af tómatpurré og 1 dl. rjóma, 1 líttli dós af ananaskurli án safa. Penslið þessu á hamborgarahrygginn, setjið hann aftur inn í ofninn og hækkið hitann í 185°C og steikið í ca. 10-15 mín. og notið einungis yfirhita.

Ekki ætla ég að fara hér út í sósugerð, en með hamborgarahrygg passar góð rauðvínssósa vel. En uppskriftir af henni má finna á netinu og víðar. Ágætt er að bera fram afganginn af gljáanum með í skál.

Kartöflur

Þar sem að ég reyni alltaf að forðast endurtekningar þá mæli ég með öðrum kartöflum en sykurbrunuðum. T.d. er gott að hafa smjörsteiktar kartöflur, kryddaðar með smá salti, piparmix, paprikudufti og 1-2 greinum af fersku timian, en athugið að það er ekkert að því að bera fram tvær tegundir af kartöflum.

Forréttur



Mig langar aðeins að segja frá hinum klassíska rækjukokteil, en hann var mjög vinsæll á Íslandi á árum áður. Er hann nú aftur að ryðja sér til rúms og er kominn á matseðil þó nokkurra veitingastaða í dag og hefur yngri kynslóðin tekið honum vel.

Rækjukokteillinn er einfaldur en góður og til í ýmsum útfærslum og hér er ein:

Setjið blandað ferskt salat í botninn á rauðvínsglasi, fyllið upp með rækjum að 2/3. Sósan sem ég mæli með á þennan rétt er einfaldlega tómatssósa, bragðbætt með hvítvíni eftir smekk og smátt saxaðri agúrku. En gott er að kæla sósunu vel áður en hún er sett útá rækjurnar. Skreytið með t.d. sítrónu, steinselju eða bara látið hugmyndaflugið ráða. Borið fram með ristudu brauði og smjóri.

Kröftugt BSRB þing



Ögmundur Jónasson setti 42. þing bandalagsins og flutti öflugt og jafnframt beitt ávarp sem gjarnan var vitnað í af fulltrúum á þinginu. Þingið stóð yfir dagana 21. til 23. október s.l. á Grand hóteli.

„Við eigum að horfast í augu við það að í þjóðfélaginu ríkir togstreita - það er okkar hlutverk að toga fyrir þá sem standa höllum fæti gagnvart fjármagni og valdi. Það breytir því ekki

að togstreitunni á jafnan að beina í eins jákvæðan og uppbyggilegan farveg og kostur er. Ég vil að við séum sem ein fjölskylda. En þá verðum við líka að vera það í reynd,“ sagði Ögmundur Jónasson formaður BSRB m.a. þegar hann ávarpaði þing BSRB.

Lokaorð Ögmundar voru: „Nú líður að því að ég kveðji BSRB. Alltaf mun hjarta mitt eiga heima hjá ykkur. Megi BSRB farnast vel um ókomin ár. Megi BSRB auðnast að standa vörð um réttlætið, um jöfnuðinn, um jafnréttið, um frelsið, um kjarkinn, um baráttuna. Já, um baráttuna. Nú hefjum við baráttufána að húni!“

Ögmundur hætti sem formaður BSRB eftir 21 árs starf og var honum þökkuð vel unnin störf með dynjandi lófaklappi og þingheimur reis úr sætum.

Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor flutti mjög áhugavert erindi sem hann kallaði „Staða mála í heiminum. Hvað er til ráða?“ Í fyrirlestrinum fjallaði hann um orsakir kreppunnar og hvert bæri að stefna í framtíðinni.

Þingstörfin

Þingfulltrúarnir 250 voru starfssamir allt þingið, unnið var í nefndum og var fullt út úr dyrum í nefndarstörfunum, ályktanir voru ræddar af töluverðum hita og fólk komst að niðurstöðum um hin ýmsu málefni. Fulltrúar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar voru mjög virkir og duglegir að taka til máls á þinginu.

Hér komum við með lítið brot af ályktunum sem voru samþykktar á þinginu en allar upplýsingar um ályktanir eru á heimasíðu BSRB.

www.bsrb.is/um-bsrb/thing/42-thing-bsrb/.is



Verja skal kaupmátt launafólks

„Verja skal kaupmátt almenns launafólks en hann hefur rýrnað mikið á síðustu mánuðum. Stefna ber að kjarajöfnuði því mikill mismunur er enn fyrir hendi þrátt fyrir að dregið hafi úr ofurlaunum í samfélaginu. Mikilvægt skref í þá átt er að eyða kynbundnum launamun og greiða sömu laun fyrir sambærilega vinnu,” segir m.a. í ályktun 42. þings BSRB um kjaramál.

Niðurskurðurinn bitni ekki á grunnþjónustunni

„Tryggja þarf að aukin greiðslubyrði hins opinbera á næstu árum bitni ekki á grunnþjónustu í samfélaginu. Almannaþjónustan er mikilvægur hluti af atvinnulífinu og skilar samfélaginu miklum arði. Niðurskurður er því skammgóður vermir, hann er kostnaðarsamur og mun þar á ofan leiða til aukins atvinnuleysis,” segir m.a. í ályktun 42. þings BSRB um atvinnumál.

Skilyrði AGS verði endurskoðuð

BSRB krefst þess að skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánveitingum verði endurskoðuð, í ályktun sem 42. þing bandalagsins hefur samþykkt.

Framboð til formanns



Töluverður spenningur var í loftinu þar sem fram fór kosning til formanns BSRB á lokadegi þingsins. Fjórir gáfu kost á sér til formennsku en til þess að vera réttkjörinn formaður þarf viðkomandi að njóta stuðnings meira en helmingis þingfulltrúa. Það voru þau Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjalarséttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu, Árni Stefán Jónsson formaður SFR - séttarfélags í almannaþjónustu, Elín Björg Jónsdóttir formaður Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna. Snorri dró framboð sitt til baka áður en kosning hófst.

Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB



Elín Björg Jónsdóttir formaður FOSS var kjörin formaður BSRB með 52,38% atkvæða eða 132 atkvæði af 252. Hún náði kjöri í fyrstu umferð. Árni Stefán Jónsson formaður SFR fékk 82 atkvæði eða 32,54% og Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjalarséttar fékk 38 atkvæði eða 15,08%. Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna dró framboð sitt til baka skömmu áður en atkvæðagreiðsla hófst.

Framkvæmdanefnd BSRB kjörin

Að afloknu kjöri formanns BSRB var gengið til atkvæða um aðra fulltrúa í framkvæmdanefnd. Árni Stefán Jónsson formaður SFR var kjörinn 1. varaformaður BSRB, Garðar Hilmarsson formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var kjörinn 2. varaformaður, Þuríður Einarsdóttir formaður Póstmannafélags Íslands var kjörin gjaldkeri og Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands var kjörin ritari. Þau voru öll sjálfkjörin.



Kristín Á. Guðmundsdóttir, Árni Stefán Jónsson, Elín Björg Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson og Þuríður Einarsdóttir.

Finnst best að vera í hringiðunni

Viðtal við Elínu Björgu Jónsdóttur formann BSRB



Elín Björg Jónsdóttir er fyrsta konan til að gegna formennsku í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) en hún tók við starfinu af Ögmundi Jónassyni á þingi bandalagsins 23. október síðastliðinn. Hún hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir bandalagið en hún gegndi starfi ritara stjórnar þess frá árinu 1986 allt til ársins 2006 þegar hún varð annar varaformanna þess. Elín var áður formaður félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi.

Fréttabréf starfsmannafélags Reykjavíkurborgar heimsótti Elínu Björgu á skrifstofu hennar við Grettisgötu á dögnum og fékk að heyra af nauðsynlegri hugarfarsbreytingu, meintu samráði við niðurskurð og kvennasveiflunni sem var hvatinn að framboði hennar.

-Hvað varð til þess að þú ákvaðst að bjóða þig fram í þetta starf?

„Þegar Ögmundur Jónasson tilkynnti að hann myndi ekki gefa kost á sér áfram voru auðvitað fyrstu viðbrögð að velta fyrir sér hvað gerðist nú, eftir 20 ára setu hans sem formanns. Síðan var farið að nefna ýmis nöfn, því við gerðum okkur grein fyrir því að auðvitað tæki einhver við stólnum, hver sem myndi gera það. Það var svo í sumar sem ég áttaði mig á því að það væri talsverð kvennasveifla innan

bandalagsins og áhugi á því að BSRB myndi kjósa sér konu til formanns. Það var ákveðin hvatning og ég vildi að mitt nafn yrði eitt þeirra sem kosið yrði um. Og svo fór sem fór. En ég vona samt að ég sé ekki formaður eingöngu vegna þess að ég er kona.“

-Eiga félagsmenn eftir að sjá breytingar á bandalaginu með nýjum formanni?

„Auðvitað er það þannig að það eru engir tveir eins, og minn still er ekki sá sami og forvera míns í starfi. En BSRB byggir á mjög góðum grunni þar sem þessi málefni sem núna brenna hvað mest á okkur hafa auðvitað alltaf verið í forgrunni. Þau hafa aldrei farið úr móð en eru lífsspursmál í dag. Ég tek því við góðu búi. Innan BSRB er mjög sterk og rík hefð fyrir að gæta hagsmuna þeirra sem minna mega sín, gæta hagsmuna heilbrigðis, mennta og slíkra málefna.“

Flýjum ekki ástandið

-Það hefur ekki fælt þig frá að nú eru tímar kreppu og niðurskurðar?

„Ég hugsaði þetta ekki út frá því að nú væri hart í ári. Ég hugsaði þetta út frá því að ég væri búin að vinna lengi að málefnum BSRB og ef að mínir kraftar gætu nýst Bandalaginu áfram og fólk vildi það þá myndi ég ekki skorast undan formennsku, þvert á móti. Við vissum auðvitað fyrir ári síðan að það yrðu erfiðir tímar en það fældi mig ekki

frá þessu. Í því starfi sem ég gegndi áður voru alveg jafn miklir erfiðleikar. Það er alveg sama hvar við erum, við flýjum ekkert þetta ástand. Þá er betra að vera í hringiðunni og takast á við það með öðrum.“

-Nú ertu búin að vera mánuð í þessu nýja starfi, hver eru fyrstu verkefni og hvernig leggst þetta í þig?

„Fyrstu verkefni hafa fyrst og fremst verið að setja mig inn í málin og átta mig á hvar við eigum að leggja þungann á okkar málflytningu. Fyrst og fremst er mikilvægt að reyna að hafa áhrif á það hvar ríki og sveitarfélög beita þeim niðurskurði sem er fyrir höndum. Þar göngum við út frá tveimur meginstöðum; að verja velferðina og verja störf í velferðarkerfinu. Það verður engin velferð ef það er ekki fólk til að sinna henni.“

-Viltu útskýra þetta nánar?

„Ef við göngum svo nærri velferðarkerfinu að það beinlínis eyðileggst þá erum við miklu verr stödd en annars. Við viljum meina að það sé betra að taka aðeins lengri tíma í að ná okkur út úr kreppunni og skemma fyrir vikið sem minnst af okkar samfélagi sem fjölmargar kynslóðir hafa byggt upp á mörgum áratugum. Það hefur ekki gerst af sjálfu sér. Það hefur til dæmis þurft að hafa fyrir því að koma á fót atvinnuleysistryggingasjóði og fæðingarorlofsjóði. Við viljum meina að ef við ætlum að kasta þessu fyrir róða þá förum við inn í miklu verra samfélag en við þyrftum annars.“

Niðurskurður án fyrirvara gengur ekki upp

-Þú nefndir tvö meginverkefni sem liggja fyrir í kreppunni, eru önnur verkefni sem eru sérstaklega brýn?

„Það brennur auðvitað mjög á mér í dag þessi yfirvofandi skerðing á fæðingarorlofi. Það er mjög sérkennilegt að sjá að á sama tíma og á að skerða fæðingarorlof með eins mánaðar fyrirvara eru aðrar skattabreytingar fyrirhugaðar á fimm ára tímabili. Börnin fæðast eftir mánuð alveg sama hvað ríkisstjórnin

ákveður. Þetta verða stóru málin. Að benda á að ekki er hægt að taka ákvarðanir sem snerta líf fólks með engum fyrirvara. Það bara gengur ekki upp.“

-En niðurskurður er alltaf óvinsæll og einhvers staðar þarf jú að skera niður, ekki satt?

„Jú, við höfum tekið undir það. Við viljum að það sé farin blönduð leið; það sé skorið niður og skattar hækkaðir svo hægt sé að halda hér úti lágmarksþjónustu. En það er ekki sama hvernig það er gert.“

-Mun bandalagið beita sér með einhverjum hætti fari niðurskurður niður fyrir ákveðin mörk? Með hvaða hætti þá? Og hvar liggja þau mörk?

„Það er auðvitað ekki til nein bein mælistika á það en ef niðurskurðurinn er við það að eyðileggja velferðarkerfið þá mun bandalagið auðvitað beita sér. Við erum á þessari vakt en ég get ekki sagt til um hvaða aðferðum við beitum, það er eitthvað sem við ákveðum þegar og ef til þess kemur.“

-Verður BSRB sýnilegra undir þinni stjórn en áður og þá á hvaða hátt?

„BSRB verður auðvitað með aðra ásýnd en var undir stjórn forvera míns. En á hvaða hátt það verður verða aðrir að dæma um.“

Ópolandi launamunur

-Eitt af stærstu málum verkalyðshreyfingarinnar hefur verið baráttan gegn launamun kynjanna, hvaða leiðir sérð þú til að vinna bug á honum?

„Eitt af stóru verkefnum okkar er auðvitað að jafna þennan launamun sem er ekki bara óásættanlegur heldur ópolandi og engum boðlegur. Við höfum haldið því mjög á lofti innan BSRB en okkur hefur hins vegar ekkert tekist betur upp en öðrum. Það er eins og það sé ekki nóg að tala, það er ekki heldur nóg að álykta og skrifa greinar, það þarf eitthvað meira til. Það er ekkert í kjarasamningum okkar eða lögum eða reglugerðum sem segir að þetta megi, heldur þvert á móti. Þetta gerist því einhversstaðar á leiðinni frá kjarasamningum og lögum yfir í launaumslagsið. Þá er það fyrst og fremst hugsunin sem

þarf að breyta, það þarf að breyta hugarfari.“

-Hugarfari hvernna?

„Ég held við þurfum að breyta hugarfari okkar allra. Bæði er það þannig að konur gera ekki sömu launakröfur og karlar, það er alveg ljóst. Allar kannanir sem birtar hafa verið á hugmyndum kvenna um sanngjörn laun sýna lægri tölur en hugmynd karla um laun í sambærilegu starfi. Við þurfum því sjálfar að verðmeta okkur hærra, en við þurfum líka að tryggja það að þessi umræða um launamun komi upp á yfirborðið; þannig að þeir sem taka launaákvæðanir þurfi að skýra hvers vegna í ósköpunum karlmaður með sambærilega vinnu, í sambærilegri stöðu, með sambærilegan starfsaldur er með hærri laun en kona. Og ég held við þurfum að vera grimvari til að breyta þessu hugarfari því það vill enginn launamisrétti. Ég þekki engan sem þykir þetta rétt.“

Hvernig sérðu BSRB beita sér gegn launamuninum? Til hvaða aðgerða (ef einhverra) viltu grípa?

„Hugarfarsbreytingin verður fyrst og fremst með því að ræða málin aftur og aftur og láta sig varða þegar verið er að mismuna fólki. Koma því inn hjá fólki að öllum finnist sér misboðið þegar fólki er mismunað í launum. Við setjum auðvitað ekki þumalskrúfu á fólk en við getum breytt þessu með umræðum og hugarfarsbreytingu.

Jafnréttisnefnd BSRB hefur fengið víðtækara verksvið en áður og hún á að vera stjórn og framkvæmdanefnd til aðhalds í jafnréttis- og mannréttindamálum. Jafnrétti er auðvitað mannréttindi. Við þurfum auðvitað að halda okkur vakandi í þessum málum og vera stöðugt með jafnréttisglæraugun á nefinu.“

Hvað er samráð?

-Samráð verkalyðsfélaga við viðsemjendur sína hefur töluvert verið gagnrýnt að undanförmu, meðal annars í sambengi við stöðugleikasáttmálann. Vilt þú gefa eitthvað út um það?

„Ég get rætt þetta út frá sambandi BSRB við sína viðsemjendur. Það sem við köllum samráð er auðvitað mjög

vandmeðfarið. Í stöðugleikasáttmálanum var gert ráð fyrir því að ríki og sveitarfélög yrðu í samráði við BSRB, KÍ og BHM um hin ýmsu mál. Það er auðvitað allt gott um það að segja en það þýðir ekki að við séum samþykkt öllu því sem sagt er og gert. Alls ekki. Svo það er kannski það sem er vandmeðfarnast.

Ég tek sem dæmi það sem mér liggur á hjarta einmitt núna, sem er niðurskurðurinn á fæðingarorlofinu. Okkur var tilkynnt að það yrðu teknir peningar út úr fæðingarorlofsjóðnum, hann þyrfti einhversstaðar að skerða. Við mótmæltum því strax. Við mótmæltum því sérstaklega við félagsmálaráðherra, forsætisráðherra og fjármálaráðherra.

Hins vegar ræddum við hver væri mildasta leiðin til skerðingar. Núna heitir það í fjölmiðlum að þetta hafi verið gert í samráði við okkur. Það er auðvitað ekki rétt. Við vildum ekki láta skerða fæðingarorlofið enn einu sinni.

Svo samráð er vandmeðfarið. Ein leið er að neita að tala við ríkið og sveitarfélögin en við vildum frekar vita hvað þau ætluðust fyrir og hafa tækifæri til að koma með betri og mildari útfærslur. En niðurskurðurinn er auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarinnar eða sveitarfélaganna, það eru þau sem taka ákvarðanir um hann.“

Sér til lands

-Viltu bæta einhverju við að lokum?

Mér finnast spennandi tímar framundan. Ég trúi því að við séum búin að ná botninum og séum að ná til lands. Ég hef fulla trú á því að við komumst út úr þessu þannig að við höldum þeim gildum sem íslenska þjóðin hefur alltaf lagt til grundvallar, því þau eru svo djúpstæð í sál okkar. Við erum saman í þessu og við hjálpumst að út úr þessu.

Auður Alfífa Ketilsdóttir



Fulltrúaráð og trúnaðarmenn St.Rv. 2009- 2011

Ráðhús, þjónustumiðstöðvar og Velferðarsvið

Aðalmenn:

1. deild	Herdis Jóhannsdóttir	Fjármálaskrifstofa
1. deild	Einar S Guðmundsson	Upplýsingatæknimiðstöð
1. deild	Katrín Yngvadóttir	Þjónustuver Reykjavíkur.
1. deild	Þuríður Bernásdóttir	Miðgarður
1. deild	Elsa Ófeigsdóttir	Bókhald Höfðatorgi
1. deild	Tinna Hrunn Ómarsdóttir	Launadeild
1. deild	Alma Björk Hafsteinsdóttir	Innkaupaskrifstofu Ráðhúsi
1. deild	Gerður Magnúsdóttir	Þj.míðst Vesturb., Vesturg.
1. deild	Rósa Dagný Grétarsdóttir	Þj.míðstöð Breiðholts
1. deild	Jóna Vigdís Kristinsdóttir	Mannréttindaskrifst. Ráðhúsi
1. deild	Edda Ragnarsdóttir	Heimþjónustu Aflagrandu
1. deild	Snorri Steinþórsson	Mötuneyti Ráðhúsi
1. deild	Kjartan G. Ingvason	Miðgarður

Varamenn:

1. deild	Kristín Gunnarsdóttir	Þj.m. Laugardals og Háal.
1. deild	Jóhanna Elín Guðmundsd.	Skjalaver Höfðatorgi
1. deild	Vilborg Jónsdóttir	Seljahlíð, skrifstofu
1. deild	Stefán Ó Adalsteinsson	Barnavernd
1. deild	Tómas B. Þorbjörnsson	Ráðhúsi Reykjavíkur
1. deild	Mariá Consuelo Peralta	Þj.m. Miðborgar/Hlíða
1. deild	Steinvör Laufey Jónsdóttir	Ráðhús Reykjavíkur
1. deild	Elisabet Jóna Jóhannsdóttir	Barnavernd
1. deild	Hera Elfarisdóttir	Skjalaver Höfðatorgi
1. deild	Jón Pétursson	Þjónustum. Miðborg og Hlíðar

Orkuveita Reykjavíkur

Aðalmenn:

2. deild	Ásdís Gíslason	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Stefán Pálsson	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Júliana Guðmundsdóttir	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Margrét Þóra Baldursdóttir	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Ingibjörg Sif Fjeldsted	Orkuveita Reykjavíkur

Varamenn:

2. deild	Björgvin Þorvaldsson	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Hulda Gestsdóttir	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Ingjaldur Eirsson	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Valgarður L. Jónsson	Orkuveita Reykjavíkur
2. deild	Sigrún Á Ámundadóttir	Orkuveita Reykjavíkur

Faxaflóahafnir:

Trúnaðarmaður:

3. deild	Þórdís Björk Sigurgests.	Faxaflóahafnir
----------	--------------------------	----------------

Framkvæmda-Skipulags-og Umhverfissvið og

Bílastæðasjóður

Aðalmenn:

4. deild	Anna Árnadóttir	Framkvæmdasvið Rvk.
4. deild	Magnús A Sveinbjörnsson	Umhverfissvið
4. deild	Grétar Bjarnason	Skipulags- og byggingasvið

Varamenn:

4. deild	Baldur Magnússon	Hverfast. Njarðargötu, skrifstofa
4. deild	Björn Olsen	Framkvæmdasvið
4. deild	Valdís Valdimarsdóttir	Bílastæðasjóður

B-hluti: Félagsbústaðir og Innheimtustofnun

Trúnaðarmenn:

5. deild	Ríkey Garðarsdóttir	Innheimtust.sveitarfél.
5. deild	Sigrún Lilja Jónsdóttir	Innheimtust.sveitarfél.
5. deild	Magnús G. Þórarinnsson	Félagsbústaðir

Íþrótta- og tómstundasvið

Aðalmenn:

6. deild	Ása Hauksdóttir	ÍTR-Hitt Húsið
6. deild	Unnur Sigurþórsdóttir	Fjölsk. og húsdýragarði
6. deild	Ragnhildur Jóna Þorgeirsd.	Sundhöllin
6. deild	Kristjana Benediktsdóttir	Laugardalslaug
6. deild	Helena Sigríður Jóhannsd.	Grafarvogslaug
6. deild	Valdimar Guðlaugsson	Fjölsk. og húsdýragarði
6. deild	Lárus Rögnvaldur Haraldsson	Hitt Húsið
6. deild	Ísleifur Friðriksson	Síglunes
6. deild	Jónína Sigríður Magnúsdóttir	Árbæjarlaug
6. deild	Ottó Hörður Guðmundsson	Grafarvogslaug
6. deild	Helgi Bjarnason	Íþr. miðst. v./Austurberg
6. deild	Anna Garðarsdóttir	Skrifstofa ÍTR Bæjarhálsi
6. deild	Guðmundur Heiðar Guðjónsson	Breiðholtslaug
6. deild	Erla Kristjana Ólafsdóttir	Gufunesbær
6. deild	Björn Sævar Baldursson	Vesturbæjarlaug
6. deild	Gígja Bjargardóttir	Hitt Húsið
6. deild	Bryngeir Arnar Bryngeirsson	Gufunesbær
6. deild	Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir	Skrifstofa ÍTR Bæjarhálsi
6. deild	Ólafur Halldór Hafsteinsson	Frístundah. Fellaskóla.
6. deild	Alfred Alfredsson	Grafarvogslaug
6. deild	Steinn Grétarsdóttir	Frostaskjól

Varamenn:


6. deild	Sigurgeir Birgisson	Félagsmiðst Gufunesbær.
6. deild	Guðrún Björk Freysteinsdóttir	Félagsmiðstöðin Miðberg
6. deild	Ásta Lára Jónsdóttir	Frostaskjól
6. deild	Silja Rut Jónsdóttir	Ársel
6. deild	Ólafur Benediktsson	Árbæjarlaug
6. deild	Kristjana Jokumsen	Kringlumýri
6. deild	Jóna Björg Sigurðardóttir	Tónabær
6. deild	Þröstur Sigurðsson	Tónabær
6. deild	Kristín Linda Ólafsdóttir	Frístundah. Álftabær
6. deild	Rósa Björk Sigurðardóttir	Hitt Húsið
6. deild	Elisabet Ragnarsdóttir	Frístundah. Hlíðaskóla

Landspítali Háskólasjúkrahús

Aðalmenn:

7. deild	Gunnar Rúnar Matthíasson	Landspítali
7. deild	Ólöf Ragna Ámundadóttir	LSH, Fossvogi, sjúkrahj.





Varamenn:

- | | | |
|----------|----------------------|---------------------|
| 7. deild | Monika Karlsdóttir | Endurhæfingarsvið |
| 7. deild | Bryndís Steinsdóttir | Slysa- og bráðasvið |

Menntasvið

Aðalmenn:

- | | | |
|----------|--------------------------|------------------|
| 8. deild | Gísli Eiríksson | Ölduselsskóla |
| 8. deild | Munda K. Jóhannsdóttir | Langholtsskóla |
| 8. deild | Brynja Bjarnadóttir | Foldaskóla |
| 8. deild | Aðalheiður Oddsdóttir | Vogaskóla |
| 8. deild | Sæmundur Pétursson | Borgaskóla |
| 8. deild | Ásgerður Karlsdóttir | Rimaskóla |
| 8. deild | Jóhanna H. Jóhannsdóttir | Húsaskóla |
| 8. deild | Sigrún Helga Jónsdóttir | Foldaskóla |
| 8. deild | Kristín Þórsdóttir | Melaskóla |
| 8. deild | Unnsteinn Hjörleifsson | Árbæjarskóla |
| 8. deild | Jón Gunnar Sveinsson | Austurbæjarskóla |
| 8. deild | Dýrleif Jónsdóttir | Laugarnesskóla |
| 8. deild | Þórunn Siemsen | Vogaskóla |
| 8. deild | Tryggvi Þór Tryggvason | Hlíðaskóla |

Varamenn:

- | | | |
|----------|------------------------------|------------------|
| 8. deild | Georg Erlingsson | Háteigsskóla |
| 8. deild | Elfa S Elfarsdóttir | Engjaskóla |
| 8. deild | Þórlaug Guðmundsdóttir | Laugalækjarskóla |
| 8. deild | Steinunn Þórisdóttir | Seláskóla |
| 8. deild | Sólveig Árnadóttir | Óskjuhlíðarskóla |
| 8. deild | Auður Ingólfssdóttir | Óskjuhlíðarskóla |
| 8. deild | Auður Thórarósen | Hamraskóla |
| 8. deild | Lovísa Guðmundsdóttir | Safamýraraskóla |
| 8. deild | Ingibjörg T. Sigurjónsdóttir | Seljaskóla |
| 8. deild | Halla Stefánsdóttir | Grandaskóla |
| 8. deild | Snæbjörn Erlendsson | Vogaskóla |
| 8. deild | Guðrún Halldórsdóttir | Hamraskóla |
| 8. deild | Áslaug Finnsdóttir | Engjaskóla |
| 8. deild | Ingunn Hrödný Guðjónsd. | Hólabrekkuskóla |

Strætó:

Aðalmenn:

- | | | |
|----------|----------------------|-----------|
| 9. deild | Sveinn Aðalsteinsson | Strætó BS |
| 9. deild | Ingunn Guðadóttir | Strætó BS |
| 9. deild | Kjartan kópsson | Strætó BS |
| 9. deild | Pétur Karlsson | Strætó BS |

Varamenn:

- | | | |
|----------|-----------------------|-----------|
| 9. deild | Eyjólfur Hjörleifsson | Strætó BS |
| 9. deild | Pétur G Þ Árnason | Strætó BS |
| 9. deild | Birna Magnúsdóttir | Strætó BS |
| 9. deild | André Bachmann | Strætó BS |

Menningar- ferðamálasvið:

Aðalmenn:

- | | | |
|-----------|----------------------|--------------------------|
| 10. deild | Einar Ólafsson | Borgarbókasafn, Grófinni |
| 10. deild | Dagný Guðmundsdóttir | Árbæjarsafn |

- | | | |
|-----------|------------------------|-------------------------|
| 10. deild | Kristín Hauksdóttir | Ljósmyndasafn Reykjav. |
| 10. deild | Hólmfríður Ólafsdóttir | Menningararmst. Gerðub. |

Varamenn:

- | | | |
|-----------|-----------------------|-------------------------------|
| 10. deild | Heiðrún Hákonardóttir | Höfuðborgarstofa |
| 10. deild | Elisabet Skúladóttir | Borgarbókasafn Hraunbæ |
| 10. deild | Erna Olsen | Borgarbókasafn, Sólheimasafni |
| 10. deild | Björg H. Atladóttir | Listasafni Reykjavíkur |

Eftirlaunaþegar

Aðalmenn:

- | | | |
|-----------|--------------------------|-----------------------------------|
| 11. deild | Ármann Pétursson | Lífeyrisþegi / Slökkvilið |
| 11. deild | Bryndís Oddsdóttir | Lífeyrisþegi / Menntasvið |
| 11. deild | Elsa Eyjólfssdóttir | Lífeyrisþegi / Gæsluvelir |
| 11. deild | Erla G Sigurðardóttir | Lífeyrisþegi / Umsjón skóla |
| 11. deild | Þórgímur E Sigurðsson | Lífeyrisþegi / SVR |
| 11. deild | Magdalena S Ingimundard. | Lífeyrisþegi / Rafmagnsv. Rvk |
| 11. deild | Stefán Bjarnason | Lífeyrisþegi / Byggingaefirlitsm. |

Varamenn:

- | | | |
|-----------|-----------------------|-------------------------------|
| 11. deild | Lára Haraldsdóttir | Lífeyrisþegi / Gæsluvelir |
| 11. deild | G Óskar Jóhannsson | Lífeyrisþegi / Framkvæmdasvið |
| 11. deild | Jóhannes Kolbeinsson | Lífeyrisþegi / Vatnsveitu Rvk |
| 11. deild | Sigurður Svararsson | Lífeyrisþegi / Rafmagnsv. Rvk |
| 11. deild | Sigurður H Björnsson | Lífeyrisþegi / LSH |
| 11. deild | Hilmar Mýrkjartansson | Lífeyrisþegi / SVR |
| 11. deild | Hreinn Benediktsson | Lífeyrisþegi / Strætó |

Akranes

Aðalmenn:

- | | | |
|-----------|--------------------------|------------------------|
| 12. deild | Anna Pálína Magnúsdóttir | Leikskólinn Vallarseli |
| 12. deild | Ingveldur Jónsdóttir | Grundaskóli |
| 12. deild | Guðmunda Maríaasdóttir | Höfða |
| 12. deild | Sesselja Óskarsdóttir | Brekkuþéjarskóli |
| 12. deild | Herdis Guðmundsdóttir | Bækubæjarskóli |
| 12. deild | Elsa Jónasdóttir | Bæjarskrifstofur |

Varamenn:

- | | | |
|-----------|------------------------|-------------------------|
| 12. deild | Eygló Tómasdóttir | FVA |
| 12. deild | María Kristinsdóttir | Dvalarheimilið Höfði |
| 12. deild | Sigrður Guðmundsdóttir | Sjúkrahúsið |
| 12. deild | Þorsteinn Óskarsson | Íþróttamiðstöð Jaðarsb. |
| 12. deild | Margrét Sigurðardóttir | Leikskólinn Teigasel |
| 12. deild | Kristín Ármannsdóttir | Grundaskóla |

Leikskólasvið

Aðalmenn:

- | | | |
|-----------|----------------------------|--------------------|
| 13. deild | Fanný Guðbjörg Jónsdóttir | Leikskólasvið Rvb. |
| 13. deild | Tryggvi Heiðar Gunnarsson | Hagaborg |
| 13. deild | Bergþóra Skarphéðinsdóttir | Nóaborg |
| 13. deild | Malcom James Todd | Sæborg |

Varamenn:

- | | | |
|-----------|-------------------------------|------------|
| 13. deild | Lilja Karlsdóttir | Sólborg |
| 13. deild | Hulda Ingibjörg Magnúsd. | Suðurborg |
| 13. deild | Iðunn Vignisdóttir | Grænaborg |
| 13. deild | Vilborg Matthildur Kjartansd. | Austurborg |



Jólaundirbúningur á Árbæjarsafni



daga. Heimsóknirnar hefjast upp úr 20. nóvember og standa fram að jólum. Þrjá sunnudaga fyrir jól er safnið síðan opið fyrir gesti.

Jólin okkar kalla á mikla vinnu og skipulagningu. Það þarf náttúrlega að byrja á því að þrifa öll húsin, síðan er að skreyta þau í þeim stíl sem við á í hverju húsi, við förum meðal annars upp í Heiðmörk og sækjum sortulyng til að setja á spýtu jólatrén. Það þarf að ráða fólk í þau fjölmörgu störf sem unnin eru á jólasýningunni, finna viðeigandi og passlega stóra búninga fyrir starfsmennina, búningarnir þurfa að sjálfsgöðu að vera heilir,

hreinir og straujaðir. Við þurfum fólk til að búa til kerti, skera út laufbrauð, prentara í prentsmíðjuna, prest og orgelleikara. Það þarf að skreyta jólatréð, sjóða skötuna og hangikjötið. Það eru tvær verslanir á svæðinu sem þarf að panta inn í fyrir jólin og gera allt klárt til þess að taka á móti gestum. Á

hverju ári er sett upp lítil jólaskrautsýning. Gestum er kennt að búa til músastiga og jólapoka sem er mjög vinsælt. Síðast en ekki síst þarf að ná samstarfi við jólasveinana og fá þá til þess að mæta á svæðið en það vekur alltaf mikla ánægju hjá börnunum, þó hrekkjóttir séu.


Hingað koma sömu fjölskyldurnar ár eftir ár, finnst það nauðsynlegur partur af jólastemningunni, hérna byrja jólin, hér er rökkur og rólegheit, nema auðvitað þegar jólasveinarnir koma.

Jólasýningin er bara lítil hluti af þeirri starfsemi sem fer fram á Árbæjarsafni en vissulega mjög skemmtilegur hluti.

Ég bið Dagnýju um að gefa okkur smá innsýn inn í þau fjölmörgu verkefni sem safnið er að sinna. „Það er til dæmis hlutverk safnsins að gera húsakannanir, vinna að merkingum menningarminja og skrá fornleifar. Safnið hefur einnig það hlutverk að gera mat á umhverfisáhrifum í deiliskipulagi. Svo er það auðvitað hlutverk okkar að safna og skrá hluti og það fer gjarnan fram með þeim hætti að safnvörður heimsækir heimili eða fyrirtæki, velur

Dagný Guðmundsdóttir tekur á móti Fréttabréfinu sem hefur áhuga á því að kynna sér starfið á bak við hina árlegu jólasýningu á Árbæjarsafni.

Starfsmenn Árbæjarsafns taka á móti hundruðum barna fyrir hver jól. Farið er með þau í gamla Árbæinn og kirkjuna og þau frædd um jólin í gamla



Hafdis Halldórsdóttir



Drífa Kristín Þrastardóttir



Sigurlaugur Ingólfsson



STYRKTARSJÓÐUR BSRB

Krabbameinsleit

Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til krabbameinsleitar allt að 3.400 kr. einu sinni á ári.

Félagsmenn geta hringt til sjóðsins í síma 525-8380 þegar þeir hafa fengið tíma í skoðun og starfsmenn sjóðsins senda tölvupóst til krabbameinsfélagsins, þá þarf ekkert að leggja út fyrir skoðun. Annars þarf að koma með reikning til þess að fá endurgreitt.



Það sem hann telur vanta inn á safnið, merkir hlutina og skráir sögu þeirra, þakkar þeim og finnur þeim stað. Það er mikilvægt að vakta vel húsin - meðal annars til þess að fylgjast með raka og hitastigi þannig að munirnir varðveitist sem best. Það þarf að halda við öllum húsunum og á sumrin þarf að hirða mikil tún og sinna skepnum. Við erum með stóra sýningu um landnámið niðri í Aðalstræti, sem er opin allt árið og þar hafa verið spennandi fyrirlestrar.

Annað spennandi verkefni sem við höldum utan um er Húsvendastofan, það er samvinnuverkefni Minjasafnsins, Húsafriðunarnefndar og Iðunnar fræðsluseturs og sér um fræðslu og ráðgjöf um viðhald og viðgerðir eldri húsa. Eins og sjá má er starfið á Árbæjarsafni fjölbreytt og breytilegt eftir árstíðum.

Ólafur Axelsson sem er smiður á safninu kemur inn í samtal okkar Dagnýjar. Hann lætur vel af starfinu á Árbæjarsafni og að þessi skemmtilegu verkefni og blandaði starfshópur hafi góð áhrif á starfsandann. Þau segja mér frá því að það sé búinn að vera skemmtilegur leikur í gangi á Menningar- og ferðamálasviði til þess að auka starfsánægju. Leikurinn gekk út á það að starfsmenn hrósuðu hvert öðru á vinnustöðunum og kallaðist „Hrós í dós“. Þau tala um mikilvægi þess að fá hrós öðru hvoru í starfi og þarna fengum við semsagt hvatningu til þess að gefa hvert öðru hós. Starfsmenn gáfu svo hvert öðru hrós sem var

sett í dós, „alltaf er hægt að finna eitthvað jákvætt við alla og við þurfum að leggja meiri áherslu á það að finna það jákvæða hvort í öðru“. Ólafur og Dagný voru sammála um að það hefði verið frábært að fá 17 hrós frá 17 samstarfsmönnum, sem var prentað á blað og með bleikum borða utan um.

Fréttabréfið þakkar fyrir góðar mótökur og óskar starfsmönnum Árbæjarsafns til hamingju með sinn góða vinnustað og góða starfsanda.



Úr kjarasamningi

Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður vegna vinnuslysa

Vinnuveitandi greiðir starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki. Mikilvægt er fyrir starfsmann að tilkynna yfirmanni um slys og fá læknavottorð til þess að gæta réttar síns.

Fréttir úr félagsstarfinu

Hagsmunafélag faglærðra matreiðslumanna



Á fjölmennum fundi 5. nóv. s.l. var formlega stofnað hagsmunafélag faglærðra matreiðslumanna í grunnskólum Reykjavíkur. Tilgangur félagsins er að efla samheldni félagsmanna auka færni og þekkingu og stuðla að bættum hag þeirra. Félagar geta þeir talist sem stýra mötuneytum í grunnskólum Reykjavíkur. Á fundinum var Unnsteinn Hjørleifsson í Árbæjarskóla kjörinn formaður, Gunnar Bollason úr Rimaskóla varaformaður og Þorbjörg Jóhannsdóttir Vesturbæjarskóla sem ritari. Tveir varamenn voru kjörnir það eru þau Hallgrímur Georgsson í Engjaskóla og Sigrún Sigurjónsdóttir í Ingunnarskóla.

Fulltrúaráð St.Rv. ályktar



Að staðið verði við loforð um hækkun persónuafsláttar

Fulltrúaráðsfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar haldinn 14. október 2009 mótmælir harðlega þeim áformum

ríkisstjórnarinnar um að standa ekki við þau fyrirheit sem gefin voru í tengslum við kjarsamninga á árinu 2008.

Samkvæmt þeim átti persónuafsláttur að hækka um 7.000 kr. umfram verðlag á næstu þremur árum. Í samræmi við þessa yfirlýsingu hækkaði persónuafsláttur um síðustu áramót um 2.000 krónur. Þetta loforð var gefið í ljósi þess að undanfarin mörg ár hafa skattleysismörk ekki fylgt verðlagi og farið sílækkandi að raungildi.

Fulltrúaráðsfundurinn mótmælir því harðlega að ríkisstjórnin taki til baka þær örfáu krónur sem lægstu laun fengu úr síðustu kjarasamningum og lögð var áhersla á í yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar.



Fulltrúaráðsfundur

Á fyrsta fundi Fulltrúaráðs Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar á þessu hausti fjallaði formaður um stöðuna í dag, hvað hefur verið að gerast í kjarasamningsmálum og það sem framundan er. Gunnar Ingi Jónsson, kjörstjóri skýrði frá kosningum í fulltrúaráð. Árni Stefán Jónsson, starfandi formaður BSRB kom á fundinn og skýrði frá því samráði sem BSRB hefur verið í út af stöðugleikasáttmála aðila vinnu- markaðarins og ríkisstjórnarinnar. Í lok fundar ályktuðu fulltrúar um efnahagsmálin á eftirfarandi leið.

Lánveitendur axli einnig ábyrgð

Fulltrúaráð Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar krefst þess að lánveitendur verði látnir taka ábyrgð til jafns við lántakendur á efnahagshruninu. Í ljósi þess verði endurskoðuð sú vísitala, sem verðtrygging lána byggir á.

Ályktanir frá stjórn BSRB

Skerðingu greiðslna í fæðingarorlofi mótmælt

Ályktun stjórnar BSRB um skerðingu greiðslna í fæðingarorlofi

BSRB krefst þess að sparnaðarkrafa sem hefur verið lögð á fæðingarorlofssjóð verði endurskoðuð. Íslenska fæðingarorlofskerfið hefur vakið mikla athygli hjá öðrum þjóðum og hefur verið horft til þess sem fyrirmynd. Ef sparnaðarkröfunni verður haldið til streitu er verið að hverfa áratugi aftur í tímann og veða að þeirri jafnréttishugsun sem í kerfinu felst.

Markmið fæðingarorlofslaganna er að tryggja að barn og foreldrar geti notið samvasta. Einnig er lögunum ætlað að tryggja samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs foreldra.

Skerðing á greiðslum í fæðingarorlofi dregur úr líkum þess að framangreind markmið laganna náist og er jafnframt varhugaverð afturför í jafnréttismálum.

Yfirlýsingar stjórnvalda þverbrotnar.

Ályktun stjórnar BSRB um að verja störf og kjör láglauna- og meðaltekjufólks

Stjórn BSRB krefst þess að stjórnvöld virði yfirlýsingar sem þau hafa gefið um að verja störf og kjör láglauna- og meðaltekjufólks. Lítils samræmis virðist gæta milli stefnumörkunar stöðugleikasáttmálans sem ríki og sveitarfélög skrifuðu undir í júní og hvernig niðurskurður opinberra aðila birtist í framkvæmd. Mörg sveitarfélög hafa gripið til uppsagna starfsfólks og skert grunnþjónustu þrátt fyrir að þau hafi lýst því yfir með undirritun stöðugleikasáttmálans að þau myndu forðast það. Í stöðugleikasáttmálanum segir orðrétt: „Í þeim aðhaldsaðgerðum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir munu þau leggja áherslu á að verja grunnþjónustuna og störfin sem kostur er.“ BSRB krefst þess að sveitarfélögin standi við yfirlýsingar sínar.

Þá mótmælir BSRB því harðlega að kjör starfsmanna með minna en 400 þúsund krónur í laun séu skert enda ber slíkt ekki að gera samkvæmt ríkisstjórnarsamþykkt frá 18. ágúst sl.

Í þeirri samþykkt kemur fram varðandi starfsmenn með yfir 400 þúsund króna heildarlaun á mánuði að haft skuli samráð við viðkomandi ráðuneyti og stofnanir þegar farið er yfir samsetningu heildarlauna og vinnufyrirkomulag. Markmiðið með því er að laun þeirra sem mest bera úr bótum rýrni hlutfallslega meira en hjá þeim sem lægri laun hafa. Dæmi eru hins vegar um að heildarlaun allt niður í 250 þúsund krónur séu skert. Þessu mótmælir stjórn BSRB harðlega.

Stjórn BSRB mótmælir því að vegið sé að almannaþjónustunni. Reynsla annarra þjóða sem gengið hafa í gegnum efnahagskreppur hefur sýnt að öflug almannaþjónusta er aldrei mikilvægari en á slíkum tímum.

Niðurskurður í starfsmannamálum í því skyni að bæta fjárhagsstöðu ríkis og sveitarfélaga mun bitna á almannaþjónustunni og verða þjóðfélaginu afar dýrkeyptur. Í stöðugleikasáttmálanum er kveðið á um að verja eigi „*störf jafnt á almennum vinnumarkaði sem og hjá hinu opinbera eins og aðstæður leyfa.*“ Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu eru að berast fregnir af því að segja þurfi upp allt að 400 til 500 starfsmönnum vegna niðurskurðar hjá einstökum stofnunum.

Þegar starfsfólki er fækkað eykst álagið verulega á þá sem eftir standa því verkefnið hverfa ekki. Slíkt eykur hættu á að mistök geti átt sér stað t.d. á heilbrigðisstofnunum þar sem álag á starfsfólk er nú þegar komið langt yfir þolmörk.

Svikin fyrirheit

Stjórn BSRB mótmælir harðlega þeim áformum núverandi ríkisstjórnar að ætla sér ekki að standa við gefin fyrirheit frá árinu 2008 um að létta skattbyrði hinna tekjulægstu með hækkan persónuafsláttar. Vísast þar til sérstakrar yfirlýsingar ríkisstjórnar Geirs H. Haarde frá 17. febrúar 2008 en sú yfirlýsing var grundvallarforsenda kjarasamninga á almennum og opinberum vinnumarkaði á því ári.

Áriðandi tilkynning til félagsmanna

Félagsmenn sem nálgast starfslok og fara á lífeyri en vilja vera áfram félagsmenn í St.Rv. þurfa að tilkynna það til félagsins svo ganga megi frá skráningu þeirra í deild lífeyrisþega.

Það tryggir þeim áfram aðgang að ýmissi þjónustu félagsins og upplýsingum. Þeir fá Fréttabréfið áfram sent til sín. Ennfremur aðgang að námskeiðum, sem félagið stendur fyrir, aðgang að orlofshúsum félagsins og öðrum tilboðum, sem orlofssjóðurinn hefur fram að færa. Dæmi um það eru gistimiðar á Edduhótel og Fosshótel og flugávisanir frá Iceland Express.

Hægt er að tilkynna í síma: 525-8330 - á netfang: strv@bsrb.is - eða í pósti: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er stéttarfélag

Félagsmenn geta fengið aðstoð og upplýsingar á skrifstofu félagsins um:

- Laun
- Réttindi á vinnustað
- Styrki til menntunar
- Leigu orlofshúsa
- Styrki vegna slysa, veikinda og heilsuefingar
- Fæðingarstyrk
- Námskeið og fyrirlestra
- Réttindi í lífeyrissjóði
- Fréttabréf

Grettisgötu 89, 3. hæð, Sími 525-8330 – Símbref 525-8339

Útibú Akranesi: Suðurgötu 62, sími 525-8338 / 431-3133

strv@bsrb.is - www.strv.is

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar – Reykjavík's municipal employees' association – is a labor union.

In the association's office, members can get assistance and information about:

- Wages
- Rights in workplace
- Education grants
- Rent of holiday houses
- Grants due to accidents, illnesses or other health matters
- Maternity grant
- Courses and lectures
- Rights in pension funds
- Newsletters

Grettisgata 89, 3. floor, tel. 525-8330 – fax 525-8339

Branch in Akranes: Suðurgata 62, tel. 525-8338 / 431-3133

strv@bsrb.is - www.strv.is

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar – Stowarzyszenie pracowników miasta Reykjavik – jest związkiem zawodowym

W biurze stowarzyszenia członkowie mogą uzyskać pomoc i informacje }na temat:

- Wynagrodzenia
- Praw w miejscu pracy
- Zapomogi na cele edukacyjne
- Wypożyczenia domków urlopowych
- Zapomogi na skutek wypadków, chorób i innych spraw zdrowotnych
- Zasiłku macierzyńskiego
- Kursów i wykładów
- Praw w funduszach emerytalnych
- Biuletynów

Grettisgata 89, 3. piętro, tel. 525-8330 – faks 525-8339

Filia w Akranes: Suðurgata 62, tel. 525-8338 / 431-3133

strv@bsrb.is - www.strv.is

Jólaball

**Starfsmannafélag
Reykjavíkurborgar og SFR
stéttarfélag í almannajónustu
halda sameiginlegt jólaball**


**Þriðjudaginn 29. desember
kl. 16:00 í Súlnasal Hótel Sögu.**

**Hljómsveit sér um að halda uppi
fjörinu með dansi í kring um
jólatréð.**

Jólasveinar koma í heimsókn.

**Miðaverð er kr. 600.-
Miðar seldir á skrifstofu
félagsins. s. 525-8330**




		FATEK LÓKA → 2	PUNGI ANDIT ENDIST	8	ESJON EKKI STERTS	7	YNOI NÆRRI GABBARI		SIGTA
HINDR- AÐI IFRA →	ERFIÐ VISSU SVIK				ÞING- LIR RÆFILL		VIÐ- KYÆM BJANI		
				SAND- BARKI BLÓSKRA					HRÖP
			SEFI FRESTA			LÉLEGA DREIFA			
EFNABU GEÐ- YONSKA			SVAR GRIP			FLÖKTA SEINK- UN			FORMS V DÆLO
DRAUP ↓	RÆFIL GRÆN- METIÐ			EFTIR- TEKT HARMA			LYKT STÖNG		
		FJASI HEIÐUR- INN			3 PRÖNG SMA- KORN		KUSK ÖSKUR		
FAR- VEGUR		DRUNU ÆÐA			FISKA SKELF- ING				FLJÓT- IÐ
HORFA ↓			KADALL LIPRA			ATLAGA EINING- IS			
			GLEÐ- AST NISKU				GLJÓF- LIR VANA	1	✓
ÖTULLI LITAN →				NIDDOS LEÐJA			KOMAST SPIKIÐ		
	TRÉPA SLIÐI				KAT BRÖT- LEG				EYKTA- MARK
FÍÐUR KVABB →		FJAS SNÆÐUL				DINGLEG YFDI			MAN- LÍÐUR ÓLM
		EISK SIGT- IÐ		ÞRÖKKA KVEIK- LIR			6 AHA HLJÓM- LIR		
SKER SAMT		5		MANK- IÐ					
	SPIL VARIÐ			MJÖG ÞJÁLFA			OFN LÆROI		FITLA
			HLASS BJÖR		ELLA HRYÐJA				4
HÖTA HLÓÐ- LIR	BJARG BRUN			GLIÐR- INN				HEST	✓
		TÓN- VERK		TRJA- KRÖNA			LAND		

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna.

Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða helgardvöl í orlofshúsum félagsins frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum.

Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 30. janúar 2010.



RITARA- OG SKRIFSTOFUSTJÓRANÁM

Námið er í samvinnu Framvegis og Verzlunarskóla Íslands og er blanda af staðbundnu námi í Verzlunarskólanum og fjarnámi. Námið er einingabært (22 einingar) og dreifist á þrjár annir. Staðbundnar lotur eru 3x tveir virkir dagar á hverri önn og fjarnámið er stundað þess á milli.

Námið skiptist þannig:

BÓK113 Bókfærsla

TÖN141 Power Point og Publisher

LÍB101 Líkamsbeiting og vinnustellingar.

SAM103 Samskipti á vinnustað og við viðskiptavini, samtalstækni

SIÐ102 Siðfræði

SKY101 Skyndihjálp

UTÖN103 Ritvinnsla, excel og tölvupóstur

STJ101 Stjórnun

UMH101 Umhverfisfræði

Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2010.

Nánari upplýsingar og skráning:

Framvegis · Síðumúli 6, 108 Reykjavík · Sími 581 4914 · framvegis@framvegis.is